

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 1999

20. ágúst 1999

1697

Nr. 557

AUGLÝSING

um deiliskipulag á lóð úr landi Mela, Leirár- og Melahreppi.

Sveitarstjórn Leirár- og Melahrepps hefur hinn 30. júlí 1999 í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag um lóð úr landi Mela, Leirár- og Melahreppi. Deiliskipulagssvæðið er 63.000 m² og er ætlað til byggingar athafnahúsnæðis vegna svínaeldis fyrir um 20.000 grísi á ári eða um 6.000-8.000 grísi að staðaldri.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gildi þessa deiliskipulags er bundið eftirfarandi fyrirvörum: 1) Gildi og framkvæmd skipulagsins hvað varðar byggingu athafnahúsa fyrir eldi á um 20.000 grísum á ári eða um 6.000-8.000 grísum að staðaldri frestast ef umhverfisráðherra ákveður að meta skuli umhverfisáhrif af byggingu og rekstri slíks svínabús. 2) Komi til þess að úrskurður um mat á umhverfisáhrifum gangi þvert á efnisatriði deiliskipulagsins, sbr. ofangreint, má búast við því að deiliskipulagið verði tekið til endurskoðunar.

Leirár- og Melahreppi, 20. ágúst 1999.

Sigurður Valgeirsson oddviti.